

Fréttatilkynning

Fyrstu lánsþæfismöt Reitunar.

Reitun ehf er fyrirtæki sem var stofnað fyrir á þessu ári og mun sérhæfa sig í greiningum og mati á lánsþæfi útgefenda á íslenskum skuldabréfamarkaði. Fyrirtækið er dótturfélag IFS Greiningar. Alþjóðlegu fyrirtækin Moodys, S&P og Fitch eru stærst og þekktust matsfyrirtækja. Auk þeirra er til mikill fjöldi staðbundinna matsfyrirtækja sem meta útgefendur á heimamarkaði. Reitun stefnir á að vera slíkt staðbundið matsfyrirtæki sem metur útgefendur á innlendum markaði.

Ávinningur lánsþæfismats er margvíslegur og skýrir það þennan mikla fjölda matsfyrirtækja víða um heim. Fjárfestar gera víða kröfu um að útgefendur skuldabréfa gangist undir mat óháðs matsfyrirtækis áður en farið er í útgáfu. Lánsþæfismat bætir því aðgengi útgefenda að skuldabréfamarkaðnum og bætir kjör þeirra þar sem með greiningu og mati eykst þekking og óvissa minnkar. Á sama hátt gerir aukin þekking fjárfesta á útgefana þeim auðveldara að meta áhættu. Lánsþæfismatsfyrirtæki byggja sín mót m.a. á trúnaðarupplýsingum og er það skylda útgefenda að fela engar mikilvægar upplýsingar fyrir matsaðilanum. Slíkt kallaði á trúnaðarþrest og þyrfti að bregðast við því á viðeigandi hátt.

Einkunnargjöf Reitunar er lítillaga frábrugðin þeirri aðferðafræði sem almennt þekktist. Ríkissjóður myndar grunn að einkunn til viðmiðunar við útgefendur. Einkunnarflokkar eru A,B,C og D. Undirflokkar eru +,0,-. Samtals eru 12 flokkar. Til viðbótar er tilgreint hvort horfur séu jákvæðar, stöðugar eða neikvæðar.

Í samanburði við útgefendur er viðmiðunareinkunn ríkissjóðs í flokki A óháð niðurstöðum lánsþæfismats þess erlendis. Næsti flokkur þar á eftir er A- síðan B+ o.frv. Það sem ákveður í hvaða flokki útgefandi lendir veitur á nokkrum þáttum s.s. efnahagsumhverfi, fjárhagsstaða, stjórnun og lánamynd og áhrif þessara þátta á líkur á greiðslufalli útgefanda. Hafa þarf í huga að einungis mjög góðir lántakar eiga erindi á skuldabréfamarkað. Reitun gerir ráð fyrir að útgefendur með einkunn hærrí en D eigi erindi á skuldabréfamarkað. Viðmið Reitunar við núverandi aðstæður er að bil frá ríkissjóði í ávöxtunarkröfu milli efstu undirflokkan sé 0,2-0,3% (t.d. B og B+) en meira í neðstu undirflokkanum. Að sjálfsögðu er það samt markaðurinn sem ræður endanlegri verðlagningu.

Heimasíða Reitunar er www.reitun.is

• Fjórir megin flokkar

- | | | | |
|----|---|------------------------|--------------------------|
| 1. | A | Undirflokkar +, 0 og - | Mjög gott |
| 2. | B | Undirflokkar +, 0 og - | Gott |
| 3. | C | Undirflokkar +, 0 og - | Meðal |
| 4. | D | Undirflokkar + | Áhættusamt |
| 5. | D | Undirflokkar 0 og - | Ekki fjárfestingaflokkur |

- Ríkið er alltaf í A flokki. Viðmiðunarmat nú er A.
- Einkunnin endurspeglar áhættu lántaka umfram ríki.
- Verðlagning skuldabréfa ætti að taka mið af þessum flokkum.

Reitun hefur gert samning við og framkvæmt lánshæfismat á Kópavogsbæ og Landsvirkjun. Niðurstöður þeirra eru eftirfarandi:

Kópavogur - Niðurstaða

Niðurstaða

- Lánshæfismat: B
- Horfur: jákvæðar




- "Kópavogur er eitt öflugasta sveitarfélag landsins. Staða sveitarfélaga hefur almennt versnað í núverandi efnahagskreppu. Sama gildir um Kópavog. Niðurstaða mats er einkunnin B með jákvæðum horfum. Mikil aukning í skuldastöðu í kjölfar efnahagshruns er megin ástæða þessarar einkunnar. Góðar horfur eru á hratt batnandi skuldastöðu í kjölfar bata í innlendum efnahagsmálum. Ef það gerist, og ef áætlanir sveitafélagsins ganga effir, batnar matseinkunn. Væntingar eru um að mat Kópavogsbæjar geti orðið 1-2 flokkum fyrir neðan ríki á næstu 3 árum að gefinni jákvæðri efnahagshorfum. Nánari greiningu og skýringu er að finna lánshæfismatinu."

7

Landsvirkjun - Niðurstaða

Niðurstaða

- Lánshæfismat: A
- Horfur: stöðugar



- "Landsvirkjun er eitt af öflugustu og mikilvægustu fyrirtækjum landsins. Fjárhagsstaða félagsins er sterk og sjóðsstreymið gott. Niðurstaðan er einkunnin A sem er sama einkunn og íslenska ríkið. Breytingar á lánshæfi ríkisins geta haft áhrif á lánshæfi Landsvirkjunar og á samanburð við ríkið vegna óbeinnar ríkisábyrgðar. Horfur eru stöðugar."

9

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Reitunar, www.reitun.is, eða í síma 533 4600